

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Vallakór 4. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 12. september 2023 breytingu á deiliskipulaginu Hörðuvellir, fyrir lóðina nr. 4 við Vallakór. Í breytingunni felst heimild fyrir 23 bílastæðum á norðvesturhorni lóðarinnar, heildarfjöldi bílastæða á lóðinni eftir breytingu verður 173. Jafnframt er hjólastæðum komið fyrir við inngang núverandi húsnæðis á lóðinni. Þá er fyrirhuguð grenndarstöð færð nær Vatnsendavegi og stækkuð í samræmi við stefnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um samræmda flokkun á úrgangi.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Leikskóli við Skólatröð. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 12. september 2023 breytingu á deiliskipulaginu Leikskóli við Skólatröð, fyrir lóðina nr. 2A við Skólatröð. Í breytingunni felst að byggingarreitur á lóðinni stækkar að hluta til um tvo metra til suðurs og færist um tvo metra til vesturs að hluta til á austurhluta byggingarreits. Byggingarmagn og hæð byggingarreits helst óbreytt.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 27. nóvember 2023.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 11. desember 2023